

**FUNDARGERÐ 9. stjórnarfundur haldinn á Hótel Höfn 15. maí 2008**

Mætt:

Aðalmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Hjalti Þór Vignisson og Þórunn Pétursdóttir.

Varamenn: Eydís Indriðadóttir, Björn Ingi Jónsson, Hjalti Guðmundsson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Tumi Guðmundsson.

Þórður H. Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu aðalmenn: Ólöf Ýr Atladóttir, Elín Heiða Valsdóttir og Rúnar Þórarinsson,

Forföll boðuðu varamenn: Hilmar Malmquist, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson svo og áheyrarfulltrúi Magnús Hallgrímsson.

1. *Samþykkt dagskrár.*

- Samþykkt.

2. *Samþykki fundargerðar 8. stjórnarfundar 7. apríl 2008.*

- Samþykkt með smávægilegum breytingum.

3. *Samningaviðræður við landeigendur og ábúendur.*

Símafundur með Ingibjörgu Halldórsdóttur, lögfræðingi í umhverfissráðuneyti um stöðu viðræðna við landeigendur og ábúendur um land inn í þjóðgarð. Áætlað er að viðræðum ljúki fyrir lok mánaðar.

4. *Drög að reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð*

Farið var nákvæmlega yfir drög að reglugerðinni og gerðar tillögur um ýmsar breytingar. Dýrleif Kristjánsdóttir og Helgi Jóhannesson frá Lex voru á símafunni og farið var yfir helstu tillögur frá stjórn að breytingum.

5. *Stofndagur Vatnajökulspjóðgarðs 7. júní 2008*

Ræddar útfærslur á opnunarhátíð.

- Niðurstaðan sú að opnunarhátíðin verði samtímis á fjórum stöðum; Jöklulsárgljúfrum, Skriðuklaustri, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri. Stefnt að því að varpa út ávarpi umhverfissráðherra á alla staðina. Undirbúningur færist að nokkru yfir til heimamanna með aðstoð starfsmanna garðsins á viðkomandi stöðum.

6. *Kynningarfundir á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins*

- Hætt við að halda kynningarfundir að sinni og stefna frekar á málþing annað hvort næsta haust eða næsta vetur.

## 7. Rekstrarmál:

- *Nýir bæklingar kynntir, umræða um val á ljósmyndum.*
- *Hugmynd að fána sýnd*
- *Starfsmannafatnaður sýndur.*
- *Kynnt vinningstillaga Arkís að gestastofu á Skriðuklaustri.*
- *Framkvæmdir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum í megin dráttum á áætlun*
- *Samningur um veitingasölu í Skaftafelli*
- *Ákvörðun um að gengið verði til samninga við Klaus Ketzer um veitingasölu fram á haust.*
  - *Þjóðgarðsvörður á Skriðuklaustri, kynntar umsóknir. Svæðisráð Austursvæðis gerir ráð fyrir að niðurstaða um tillögu liggi fyrir eftir u.þ.b. viku.*
  - *Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum.*
- *Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, þjóðgarðsvörður hefur sagt stöðu sinni lausri frá og með 1. ágúst n.k. Ákveðið að auglýsa sem fyrst og mun Svæðisráð Norðursvæðis og ÞHÓ hafa samráð um þá auglýsingu.*
  - *Stafafell í Lóni; landvarðar- og upplýsingastöð, ræddar hugmyndir um mögulegt samstarf.*
- *Ákveðið að teknað verði upp viðræður við landeigendur að Stafafelli og Brekku í Lóni. (Hjalti og ÞHÓ)*
  - *Sjálfbodaliðar 2008-staða*
- *Umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.*

## 8. Langisjór

Eftir viðræður við Skaftárhrepp gæti stefnt í samkomulag um svæðið.

## 9. Önnur mál

- *Jöklasýning á Höfn-umræðu frestað*
- *Svæðisráð I; jörðin Ásbyrgi er utan þjóðgarðsmarka.*
- *Ákveðið að fá álit umhverfisráðuneytisins*

*Gestastofa á Mývatni:*

- *Umræða bíður*

## 10. Næsti stjórnarfundur

- *30. maí í Reykjavík.*